

Ársskýrsla Bláa hersins 2022.

Verkefnin sem unnin voru eru Reykjanesskaginn og Herdísarvík að námunum austan Selvogsvita.

1. Friðlandið í Ósabotnum frá Djúpavogi norðanmegin (Suðurnesjabær) og Þórshöfn að Gálgaklettum alls 8 km. vegalengd. Alls komu 208 manns í hreinsunarstarfið (208x4= 832 klst.) í 30 skipti. Skoðunar/hreinsunarferðir voru 15 og framkvæmdar af TJK, ýmist fótgangandi eða á fjórhjólinu. (15x4=60 klst.) Samtals 45 sinnum skoðað og hreinsað. Heildarmagn af fjörugóssi sem fjarlægt var og farið með í Kólku var. 5.860 kg. frá þessu svæði. Megnið var selflutt með afskrifuðum björgunarbátum sem Viking Life gaf til verksins. Köfunarþjónusta Sigurðar hjálpaði með bát og mannskap að sækja sekkina 25 og fiskikörin 4. Annað var flutt með tækjum BH.

2. Garðskagjafjara+Hafurbjarnastaðafjara að Kirkjubólsvelli. Samtals 22 manneskjur í 5 hreinsunarferðum. (22x4= 88klst.)

3. Reykjanestáin og Stóra Sandvíkin. Samtals 51 manneskja í 5 skipti að hreinsa (51 x 4 = 204 klst.)

4. Flugstöð Leifs Eiríkssonar og nágrenni. Samtals 65 manns (65x4=260 klst.) Samfélagssjóður ISAVIA greiðir þátttakendum fyrir sitt vinnuframlag. Þetta voru 3 skipti. Blái herinn stjórnar þessum árlega viðburði ásamt Flugþjónustudeild ISAVIA. Þetta var í 18 skiptið sem þessi viðburður var haldin.

5. Hreinsað innan sem utan girðingar á svæði LHG á Keflavíkflugvelli vegna komu háttsettra aðila frá NATO. Hreinsað á tveim dögum og tókst vel til. 2 manneskjur í 8 klst x 2= 16 klst.)

6. Starfsfólk Marriott hótelsins og Blái herinn gerðu með sér samkomulag um að hreinsa í kringum hótelið og nærliggjandi svæði. Samtals komu 15 manns og tóku klukkustundar törn. Síðan þá hefur BH séð um svæðið. (15x1=15klst) (BH hreinsar einu sinni í viku síðan og hefur gert síðan í maí.

7. BH fór með samstarfsaðila frá Búlgariu að gossvæðinu og á meðan þau gengu að gossvæðinu og tilbaka var tíminn notaður til að hreinsa svæðið vel og vandlega. 1x4=4 klst.

8. Selvogsverkefnið í heildina var mjög umfangsmikið. Samtals komu 205 manns í verkefnið í 20 hreinsanir. BH fór í 3 skoðunarferðir áður og á meðan verkefnið var í ferli. Landhelgisgæslan kom og ferjaði sekkina 34 af svæðinu í tvo gáma sem staðsettir voru við námurnar austan Selvogsvita. Samtals, (205x4=820 klst) Frá Herdísarvík og að námunni voru því nærri 10 km. skoðaðir og hreinsaðir. Af svæðinu fóru í Sorpu samtals 5.820 kg.

9. Plokkdagurinn á Reykjanesi samtals 100 manns. (BH plokkar alla daga og sér til þess að Reykjanesið sé eins hreint og aðlaðandi og unnt er)

Sjálfbóðaliðar voru samtals yfir 700. Vinnuframlag 700x4= 2800 klst. Verkefnin yfir 100(skoðun,hreinsun,förgun). Heildarvigt samkv.vigtarnótum rúm 18 tonn.Toyota Hilux ekinn 28.000 km.á árinu í verkefnum okkar. Unnið er að flokkun á fjörurusli frá verkefnum 2021 hjá Terra.

Styrkar og samstarfsaðilar 2022. Toyota,Hampiðjan,UAR,Marel,Suðurnesjabær,SSS,Reykjanes Geopark,Icemar,Dive.is,Sjóvá,Terra,SEEDS,LHG,Umhverfisstofnun,Fræðslusetur Vestfjarða,Köfunarþjónusta Sigurðar,Útvegsmannafélag Suðurnesja, ISAVIA,Sv.Ölfus,Courtyard by Marriott í Keflavík. Hafid kærar þakkir fyrir ykkar framlag til okkar,kv.Tómas J. Knútsson.